

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/4/10

frá 12. maí 2003

um undanþágu frá banni við endurvinnslu, þegar um er að ræða eina og sömu loðdýrategundina, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 1496)

(Einungis finnski og sænski textinn hafa lagagildi)

(2003/324/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er kveðið á um bann við því að dýr séu fóðruð á unnu dýraprótni úr dýrum sömu tegundar. Veita má undanþágur í tengslum við loðdýr að höfðu samráði við viðkomandi vísindanevnd.
- 2) Vísindastýrningin lagði fram álit 24. og 25. júní 1999 um áhættuna sem fylgir óhefðbundnum smitefnum, hefðbundnum sýklum eða öðrum hættum á borð við eiturfni sem komast í matvælaferlið eða fóðurferlið með hráefni úr sjálfdaudu búfé og dauðum dýrum eða með ónýtu efni. Álitin var uppfært hinn 13. júlí 1999. Álitin vísar til áhættu sem tengist því að fóðra loðdýr á unnu dýraprótni úr dýrum sömu tegundar.
- 3) Hinn 17. september 1999 samþykkti vísindastýrningin álit um áhættu sem fylgir endurvinnslu á aukaafurðum úr dýrum í fóður, þegar um er að ræða eina og sömu dýrategundina, með tilliti til útbreiðslu smitandi heilahrönnunar til annarra húsdýra en jörturdýra.
- 4) Samkvæmt þessum vísindalegu álitum má hugsanlega endurvinna loðdýr á tilteknum svæðum, á grundvelli vel rökstuddra gagna, þannig að tryggt sé að smitefni smitandi heilahrönnunar finnist ólíklega í viðkomandi stofni. Í álitunum eru einnig sett fram þau skilyrði sem eru nauðsynleg til þess að draga úr hættu á smitandi heilahrönnun.
- 5) Finnland hefur lagt fram beiðni um undanþágu frá banni við endurvinnslu á loðdýrum þegar um er að ræða eina og sömu loðdýrategundina. Í beiðninni eru skilyrðin, sem krafist er í álitunum sem vísindastýrningin samþykkti til að draga úr hættu á smitandi heilahrönnun, uppfyllt.

- 6) Í samræmi við það ber að veita Finnlandi undanþágu, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1774/2002, frá banni við endurvinnslu á loðdýrum þegar um er að ræða eina og sömu loðdýrategundina. Til að koma í veg fyrir að heilbrigði dýra og lýðheilsu sé stefnt í hættu skal sú undanþága vera háð tilteknum skilyrðum.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Undanþága veitt Finnlandi vegna tiltekinnna loðdýra

Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 er Finnlandi veitt undanþága að því er varðar fóðrun eftirtalinnna loðdýra á unnu dýraprótni úr skrokkum eða hlutum skrokka af dýrum sömu tegundar:

- a) refum (*Vulpes vulpes* og *Alopex lagopus*) og
- b) marðarhundum (*Nyctereutes procyonoides*).

2. gr.

Leyfi fyrir skráð býli

Lögbært yfirvald getur veitt skráðum býlum leyfi til að fóðra dýrategundir, sem um getur í 1. gr., á unnu dýraprótni úr skrokkum eða hlutum skrokka af dýrum sömu tegundar. Slíkt leyfi má aðeins veita skráðum býlum:

- a) á grundvelli umsóknar ásamt meðfylgjandi gögnum sem sanna að ekki sé ástæða til að ætla að smitefni smitandi heilahrönnunar sé fyrir hendi í stofni þeirrar tegundar sem umsóknin tekur til,
- b) ef viðeigandi eftirlitskerfi vegna smitandi heilahrönnunar-sjúkdóma í loðdýrum er fyrir hendi, sem felur í sér reglulegar prófanir á sýnum á rannsóknarstofum m.t.t. smitandi heilahrönnunar, og
- c) sem leggja fram viðeigandi ábyrgðir fyrir því að hvorki aukaafurðir úr dýrum né unnið dýraprótn úr þessum dýrum eða afkvæmum þeirra geti komist inn í matvæla- eða fóðurferlið hjá öðrum dýrum en loðdýrum,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjórn. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2007 frá 26. október 2007 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, 10.4.2008, bls. 55.

(¹) Stjórn. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

- d) ef ekki hefur verið, svo vitað sé, samgangur frá býlinu við býli þar sem grunur leikur á um smitandi heilahrörnun eða uppkoma hennar hefur verið staðfest,
- e) ef ábyrgðaraðili skráða býlisins uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 og í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Eftirlitsráðstafanir

1. Lögbært yfirvald skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hafa eftirlit með:
- a) viðeigandi samsetningu, vinnslu og notkun fódurs sem inniheldur unnið dýrapróttín úr skrokkum eða hlutum skrokka af dýrum af sömu tegund,
- b) dýrunum sem er gefið fódrið sem um getur í a-lið, þ.m.t.:
- strangt eftirlit með heilbrigðisástandi þessara dýra,
 - viðeigandi eftirlit vegna smitandi heilahrönnunar, þ.m.t. regluleg sýnataka og rannsókn á rannsóknarstofu m.t.t. smitandi heilahrönnunarsjúkdóma,
- c) því að kröfurnar í 2. gr. séu uppfylltar.
2. Til sýnanna, sem um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr., skulu teljast sýni úr dýrum sem sýna taugafræðileg einkenni og sýni úr eldri kynbótadýrum.

4. gr.

Niðurfelling leyfis

Leyfi, eins og kveðið er á um í 2. gr., skal tafarlaust fellt úr gildi, ef um er að ræða grun eða staðfestingu á samgangi við býli þar sem grunur leikur á um uppkomu eða uppkoma smitandi heilahrönnunar hefur verið staðfest, þar til er unnt að útiloka hættu á smiti með fullri vissu.

5. gr.

Kröfur þessarar ákvörðunar uppfylltar

Finland skal þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari og birta þær ráðstafanir. Finland skal þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

6. gr.

Gildissvið

Ákvörðun þessi gildir frá 1. maí 2003.

7. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til Lýðveldisins Finnlands.

Gjört í Brussel 12. maí 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

A. Almennar skyldur ábyrgðaraðila skráða býlisins

1. Ábyrgðaraðilinn verður að halda skrár yfir a.m.k.:
 - a) felldi og skrokka af dýrum sem eru fóðruð á unnu dýraprótni úr sömu dýrategund og
 - b) hverja vörusendingu til þess að tryggja rekjanleika efnisins.
2. Ef um er að ræða grun um eða staðfestingu á samgangi við býli, þar sem grunur leikur á um uppkomu eða uppkoma smitandi heilahrórnunar hefur verið staðfest, skal ábyrgðaraðili þegar í stað:
 - a) tilkynna lögbæru yfirvaldi um slíkt og
 - b) hætta að senda loðdýr á alla viðtökustaði nema þeim fylgi skriflegt leyfi frá lögbæru yfirvaldi.

B. Rekstrarskyldur ábyrgðaraðila skráða býlisins

1. Ábyrgðaraðilinn skal sjá til þess:
 - a) að skrokkar loðdýra, sem ætlaðir eru til fóðrunar dýra af sömu tegund, séu meðhöndlaðir og unnir aðskilið frá skrokkum sem ekki er leyfilegt að nota í þeim tilgangi,
 - b) að loðdýrum, sem eru fóðruð á unnu dýraprótni úr dýrum af sömu tegund, sé haldið aðskilið frá dýrum sem ekki eru fóðruð á unnu dýraprótni úr dýrum af sömu tegund.
2. Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að unnið dýraprótn, sem unnið er úr einni dýrategund og ætlað er í fóður handa annarri dýrategund, hafi verið:
 - a) unnið í vinnslustöð sem er samþykkt skv. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 og eingöngu unnið með aðferðum 1 til 5 eða 7 eins og þeim er lýst í III. kafla V. viðauka við þá reglugerð,
 - b) framleitt úr heilbrigðum dýrum sem voru aflífuð til loðskinnaframleiðslu,
 - c) framleitt úr dýrum sem voru ekki fóðruð á unnu dýraprótni úr sömu dýrategund næstliðnar 24 klukkustundir fyrir aflífun.